

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum (486. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér lögleiðingu ákveðinna efnahagsaðgerða.

Markmið laganna er afar gott enda brýnt að koma á efnahagslegum stöðugleika hér á landi, sér í lagi í ljósi yfirstandandi samdráttar á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Viðskiptaráð gerir hins vegar nokkrar athugasemdir við efnistöð frumvarpsins.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ríkisstjórninni skuli vera heimilt að bjóða út á markaði tiltekin sparnaðarskuldabréf. Að mati Viðskiptaráðs ætti frekar að byggja á þeim góða grunni sem lagður hefur verið í lífeyrissjóðum landsins. Til að auka samfélagslegan sparnað ætti tillaga þessi því frekar að fela í sér að lögbundið hámarksframlag í séreignarsparnað yrði hækkað.

Í 4. gr., 5. gr., 6. gr. og 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um talsverð fjárframlög úr ríkissjóði til ýmissa verkefna. Í ljósi þess verðbólguumhverfis sem ríkir nú er ekki rétt að auka á fjárútlát hins opinbera, þvert á móti ættu ríki og sveitarfélög að stefna að því að draga saman seglin til að tryggja að sameiginlegt verðbólguþolmið náist frekar fyrr en síðar. Bæði Viðskiptaráð sem og Seðlabanki Íslands hafa undanfarin ár hvatt ötullega til aukinnar aðhaldssemi í rekstri hins opinbera, bæði ríkissjóðs sem og sveitarfélaga. Það er afar mikilvægt að grunnstoðir hagkerfisins séu samstíga í aðgerðum sínum og að almenn starfsemi og sértækar aðgerðir hins opinbera stuðli að sem mestu efnahagslegu jafnvægi. Til að það markmið náist þurfa fjármál hins opinbera að vinna kerfisbundið gegn sveiflum og styrkja sameiginlega ábyrgð Seðlabankans og stjórnvalda á verðbólguþolmiðinu.

Hvað 7. gr. frumvarpsins varðar er rétt að minna á að rétt fyrir áramót voru framlög eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitsins tvöfölduð. Því telur Viðskiptaráð ekki vera grundvöll fyrir því framlagi sem ákvæðið kveður á um.

Viðskiptaráð er hlynnt því að hér á landi verði skipað sérstakt þjóðhagsráð eða öllu heldur ráðgjafahóp í efnahagsmálum. Að mati ráðsins er hins vegar mikilvægt að þennan hóp skipi

sérfræðingar í efnahagsmálum og ýmis hagsmunasamtök en ekki stjórnáamenn eins og ákvæði 9. gr. kveður á um. Heimildir slíks starfshóps til að ráða sér starfsmenn og kaupa sérfræðipjónustu þurfa að vera betur afmarkaðar og skilgreindar heldur en ákvæðið ber með sér.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs